

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um hjónin
Rósmund Jóhannsson og Jónínu G. Sigurðardóttur, nr. 431/2006
með síðari breytingu nr. 1106/2007.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

5. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stofnfé sjóðsins er 17.652.393 krónur – sautján milljónir sex hundruð fimmtíu og tvö þúsund þrjú hundruð níutíu og þrjár krónur.

Heimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins til viðhalds á íbúðarhúsnæði á Gilsstöðum.

7. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Sjóðurinn er í vörslu sjóðstjórnar sem ber ábyrgð á honum og skal velja bestu ávöxtunarleiðir fyrir fjármuni sjóðsins hverju sinni.

9. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á framkvæmd allri og fjárreiðum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal endurskoða af þar til skipuðum skoðunarmanni og leggja fram á aðalfundi sjóðsins. Endurskoðaða reikninga sjóðsins ásamt skýrslu stjórnar skal senda til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 1. júní ár hvert.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um hjónin Rósmund Jóhannsson og Jónínu G. Sigurðardóttur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 6. september 2021,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.